

Reglugerð fyrir bikarkeppni Körfuknattleikssambands Íslands.

1. gr.

Pátttaka í bikarkeppni K.K.Í. er heimil öllum félögum og aðilum innan Í.S.Í. "öðrum en liðum I. deildar eins og hún er skipuð að afstöðnu Íslandsmóti".

Heimilt er að senda tvö lið frá hverju félagi. Keppt skal samkvæmt úrsláttarfyrikomulagi og skal lið úr keppni eftir tapaðan leik.

2. gr.

Keppnin skal vera svæðakeppni. Svæðin miðast við bandalög og sambönd, en tekið skal fram, að ætlazt er til, að einstök félög innan þeirra vebanda sendi sín lið, en ekki sameiginlega, nema að fengnu samþykki K.K.Í.

Svæðin:

1. Íþróttabandalag Akraness
Ungmennasamband Borgarfjarðar
Héraðssamband Snæfells- og Hnappadalssýslu
Ungmennasamband Dalamanna
2. Héraðssamband V.-Ísafjarðarsýslu
Íþróttabandalag Ísafjarðar
Barðastrandarsýsla N.B.
3. Héraðssamband Strandamanna
Ungmennasamband V.-Húnavetninga
Ungmennasamband A.-Húnavetninga
Ungmennasamband Skagafjarðar
4. Íþróttabandalag Siglufjarðar
Íþróttabandalag Ólafsfjarðar
Ungmennasamband Eyjafjarðar
Íþróttabandalag Akureyrar
Héraðssamband S.-Þingeyinga
Ungmennasamband N.-Þingeyinga
5. Ungmenna- og íþróttabandalög Austfjarða
Ungmennasambandið Úlfljótur, A.-Skaftafellssýslu
6. Ungmennasamband V.-Skaftafellssýslu
Héraðssambandið Skarphéðinn
Íþróttabandalag Vestmannaeyja
7. Íþróttabandalag Keflavíkur
Íþróttabandalag Suðurnesja
Íþróttabandalag Hafnarfjarðar
Ungmennasamband Kjalarnessþings
8. **Reykjavík**

3. gr.

Eitt lið frá hverju svæði skal taka þátt í úrslitakeppni. Yfirframkvæmd keppninnar skal vera í höndum stjórnar K.K.Í., sem skipi umsjónaraðila innan hvers svæðis og annist röðun í úrslitakeppni.

4. gr.

Öll keppni skal fara fram á tímabilinu frá 1. apríl til 1. nóvember.

5. gr.

Ekki skal vera um neina aldursflokkaskiptingu að ræða. Leikmanni er óheimilt að keppa nema með öðru liði félags, er sendir tvö lið til keppinnar. Um aðra tilhögun keppinnar vísast að öllu leyti til keppnis og mótareglna K.K.Í.

6. gr.

Þátttökutilkynningar skulu hafa borizt stjórn K.K.Í. hverju sinni fyrir 1. marz.

Samþykkt 7. maí 1965

Stjórn K.K.Í.